

Bæjarráð Kópavogs
Ásdís Kristjánsdóttir
Bæjarskrifstofu Kópavogs
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

Reykjavík, 28. apríl 2025

Efni: Beiðni um samþykki fyrir lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga ofh. vegna endurfjármögnunar láns.

Vísað er til beiðni SORPU bs. dags. 30. janúar 2025 um samþykki fyrir endurfjármögnun á láni nr. 505200687 frá Íslandsbanka að fjárhæð 666.666.670 kr. Bæjarstjórn Kópavogs tók erindið fyrir og samþykkti þann 11. febrúar sl.

Eins og greint var frá í fyrri beiðni SORPU bs. þá er gert ráð fyrir endurfjármögnun ofangreinds láns í fjárhagsáætlun samlagsins fyrir 2025. Uppgreiðsluverðmæti lánsins er orðið lægra en áætlað var í janúar vegna innborganna á lánið og hefur lánsfjárhæðin hjá Lánasjóði sveitarfélaga verið lækkuð til samræmis í **639.000.000 kr.**

Á stjórnarfundum SORPU bs. þann 23. apríl sl. var eftirfarandi fært til bókar og samþykkt vegna ofangreindrar lántöku:

Stjórn SORPU bs., samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð kr. 639.000.000,- með þeim lánaskilmálum sem býðst á þeim tíma sem lántaka fer fram.

Lánið er tekið til endurfjármögnunar á forvinnslulínu fyrir blandaðan úrgang frá heimilum sem fellur ekki undir reglugerð ESB nr. 2139/2021, og sem telst hafa almenna efnahagslega þýðingu, sbr. lög nr. 150/2006.

Jafnframt er Jóni Viggó Gunnarssyni, framkvæmdastjóra SORPU bs., veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. SORPU bs., að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu þessa láns ásamt vöxtum og kostnaði stendur einföld ábyrgð eigenda SORPU bs., þ.e.a.s. Reykjavíkurborg, Kópavogsbæ, Hafnarfjarðarbæ, Garðabæ, Mosfellsbæ og Seltjarnarnesbæ. Framkvæmdastjóra er falið að óska eftir samþykki sveitarfélaganna í samræmi við kröfur sjóðsins.

Um er að ræða verðtryggt langtímalán með jöfnum afborgunum til 14. ára með lokagjalddaga 20. febrúar 2039. Vextir eru 4% og eru fastir allan lánstímann. Uppgreiðsla lánsins er óheimil.

Ábyrgðin skiptist milli eigenda SORPU bs. sem hér segir (miðað við höfuðstól að fjárhæð 639.000.000 kr. án verðbóta):

Sveitarfélag	Hlutfall	Fjárhæð
Reykjavík	55.79%	356,479,351 kr.
Kópavogur	16.10%	102,855,282 kr.
Hafnarfjörður	12.67%	80,981,837 kr.
Garðabær	8.09%	51,674,247 kr.
Mosfellsbær	5.51%	35,231,274 kr.
Seltjarnarnes	1.84%	11,778,009 kr.

Heildarkostnaður er 788.708.571 kr. m.v. vexti upp á 4,0% að viðbættum verðbótum og árleg greiðslubyrð 2026 verður þá 69.833.571 kr. að viðbættum verðbótum. Skiptingin ábyrgðar sveitarfélaga mv. höfuðstól með 4% vöxtum er sem hér segir:

Sveitarfélag	M. vöxtum án verðb.
Reykjavík	439,997,370 kr.
Kópavogur	126,952,805 kr.
Hafnarfjörður	99,954,725 kr.
Garðabær	63,780,785 kr.
Mosfellsbær	43,485,458 kr.
Seltjarnarnes	14,537,428 kr.

Meðfylgjandi er heildargreiðslufirlit lánsins án verðbóta.


Í samræmi við reglur Lánasjóð sveitarfélaga er óskað eftir því að meðfylgjandi tillaga frá LSS að bókun verði samþykkt.

Beiðni um afgreiðslu:

Samkvæmt framansögðu er farið fram á að ofangreint verði tekið til umræðu og afgreiðslu á vettvangi sveitarfélagsins. Frekari upplýsingar er að finna í meðfylgjandi gögnum.

Jafnframt óskum við eftir því að upplýsingar um afgreiðslu sveitarfélagsins berist í netfangið lovisa.jonsdottir@sorpa.is, eigi síðar en 9. maí nk. Sé frekari upplýsinga eða kynningar óskað á framangreindu skulu beiðnir þess efnis sendar á netfangið lovisa.jonsdottir@sorpa.is

Virðingarfyllst,


Jón Viggo Gunnarsson
framkvæmdastjóri SORPU bs.

Meðfylgjandi:

- Drög að lánssamning.
- Greiðslufirlit
- Fundargerð 515. fundar stjórnar SORPU bs.

Greiðslufirlit án verðbóta

Vextir		4, %			
Greiðsla nr	Gjaldlagi	Eftirstöðvar	Afborgun	Vextir	Alls
1	8/20/2025	639,000,000	22,821,429	8,378,000	31,199,429
2	2/20/2026	616,178,571	22,821,429	12,323,571	35,145,000
3	8/20/2026	593,357,143	22,821,429	11,867,143	34,688,571
4	2/20/2027	570,535,714	22,821,429	11,410,714	34,232,143
5	8/20/2027	547,714,286	22,821,429	10,954,286	33,775,714
6	2/20/2028	524,892,857	22,821,429	10,497,857	33,319,286
7	8/20/2028	502,071,429	22,821,429	10,041,429	32,862,857
8	2/20/2029	479,250,000	22,821,429	9,585,000	32,406,429
9	8/20/2029	456,428,571	22,821,429	9,128,571	31,950,000
10	2/20/2030	433,607,143	22,821,429	8,672,143	31,493,571
11	8/20/2030	410,785,714	22,821,429	8,215,714	31,037,143
12	2/20/2031	387,964,286	22,821,429	7,759,286	30,580,714
13	8/20/2031	365,142,857	22,821,429	7,302,857	30,124,286
14	2/20/2032	342,321,429	22,821,429	6,846,429	29,667,857
15	8/20/2032	319,500,000	22,821,429	6,390,000	29,211,429
16	2/20/2033	296,678,571	22,821,429	5,933,571	28,755,000
17	8/20/2033	273,857,143	22,821,429	5,477,143	28,298,571
18	2/20/2034	251,035,714	22,821,429	5,020,714	27,842,143
19	8/20/2034	228,214,286	22,821,429	4,564,286	27,385,714
20	2/20/2035	205,392,857	22,821,429	4,107,857	26,929,286
21	8/20/2035	182,571,429	22,821,429	3,651,429	26,472,857
22	2/20/2036	159,750,000	22,821,429	3,195,000	26,016,429
23	8/20/2036	136,928,571	22,821,429	2,738,571	25,560,000
24	2/20/2037	114,107,143	22,821,429	2,282,143	25,103,571
25	8/20/2037	91,285,714	22,821,429	1,825,714	24,647,143
26	2/20/2038	68,464,286	22,821,429	1,369,286	24,190,714
27	8/20/2038	45,642,857	22,821,429	912,857	23,734,286
28	2/20/2039	22,821,429	22,821,429	456,429	23,277,857
		Samtals	616,178,583	172,530,000	788,708,571

Skjal sótt af '0000000000' dags: 18.08 2026